

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1240/2015 um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála.

1. gr.

Í stað "40. tölul." í 2. mgr. 6. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 43. tölul.

Á eftir orðinu "Fjáreign;" í 1. málsl. 7. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: þar með talin.

Á eftir orðinu "lögsagnarumdæmi" í b-lið 11. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: eða samning svipaðs efnis.

Í stað "3.-9. gr." í c-lið 17. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 3.-11. gr.

Í stað "3.-9. gr." í 35. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 3.-11. gr.

2. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast við tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Skrár og gögn samkvæmt 5. mgr. skal varðveita á tryggan og öruggan hátt í a.m.k. fimm ár frá því ári sem tilkynningarskylda féll niður.

Ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða hindra upplýsingaskipti samkvæmt reglugerðinni eru óheimilar og ógildar. Sama á við um ráðstafanir sem miða að rangri upplýsingagjöf og ráðstafanir sem miða að því að áreiðanleikakannanir séu ekki með þeim hætti sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.

3. gr.

Ákvæði iv-liðar í c-lið 5. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

hvað varðar aðra reikninga en innlánsreikninga, gildandi fyrirmæli um að millifæra fjármuni á reikningi yfir á annan reikning (m.a. reikning í öðru útibúi viðkomandi tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar eða í annarri fjármálastofnun);

4. gr.

Ákvæði a-liðar 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

nafn, heimilisfang, heimilisfestarríki, kennitölu(r) eða skattkennitölu(r) (e. Taxpayer Identification Number, TIN), ásamt fæðingardegi og fæðingarstað (þegar um einstakling er að ræða) hvers tilkynningarskylds aðila sem er reikningshafi. Ef reikningshafi er lögaðili og áreiðanleikakönnun skv. 8., 9., 10 og 11. gr. leiðir í ljós að um einn eða fleiri ráðandi tilkynningarskyldan aðila er að ræða skal jafnframt veita upplýsingar um nafn, heimilisfang, heimilisfestarríki, kennitölu(r) eða skattkennitölu(r), (e. Taxpayer Identification Number, TIN) ásamt fæðingardegi og fæðingarstað hvers og eins ráðandi aðila;

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, tekur þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 6. mars 2017.

F. h. r.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

Ása Ögmundsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.